

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmdaleyfis- og þjónustugjöld skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar.

1. gr.

Almenn heimild.

Gjaldtaka vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir byggir á 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gjaldi vegna framkvæmdaleyfa og vinnu við skipulagsáætlanir skal varið til að standa straum af kostnaði sveitarfélagsins við útgáfu framkvæmdaleyfa, gerð skipulagsáætlana, breytingu á þeim og kynningu.

Gjaldskráin byggir á þeirri grunnreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Umhverfis-, skipulags- og landbúnaðarnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 10.600 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skipulags-, leyfis- og þjónustugjöld skipulagsfulltrúa.

Vegna vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni og/eða annarrar þjónustu skipulagsfulltrúa sem óskað er eftir, skal greiða gjöld, sem gjaldskrá þessi kveður á um.

2.1 Fyrir afgreiðslu umsóknar hjá embættinu skal umsækjandi greiða kr. 9.540.

2.2 Gjald fyrir skipulagsvinnu.

Landeigandi eða framkvæmdaraðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Fyrir vinnu við skipulagsáætlun eða breytingar á henni að ósk landeiganda eða framkvæmdaraðila og grenndarkynningu á byggingarleyfisumsókn skal greiða eftirfarandi gjöld:

- | | | |
|--|-----|---------|
| a) Gerð aðalskipulagsgagna vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 36. gr. laga nr. 123/2010. Viðmiðunargjald, aðkeypt vinna sveitarfélagsins greiðist skv. reikningi. | kr. | 134.660 |
| b) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010. | kr. | 134.660 |
| c) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga á aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010. | kr. | 80.800 |
| d) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna nýs deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 123/2010. | kr. | 134.660 |
| e) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga deiliskipulags, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010. | kr. | 80.800 |
| f) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010. | kr. | 59.250 |
| g) Grenndarkynning vegna óverulegra breytinga deiliskipulags | kr. | 32.320 |
| h) Grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar þar sem ekki er í gildi deiliskipulag | kr. | 32.320 |

Vegna aðkeyprar vinnu við gerð skipulagsáætlunar eða breytingar á henni skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi.

Gjöld skv. 2. gr. falla í gjalddaga þegar sveitarstjórn hefur samþykkt umsókn landeiganda eða framkvæmdaraðila.

3. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að innheimta gjald vegna framkvæmdaleyfis kr. 34.470.

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald vegna grjót- og malarnáms.

Öll efnistaka á landi, úr ám, vötnum og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd og ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess þarf að sækja um til Fiskistofu vegna framkvæmda í og við ár og vötn samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Efnistöku- og námugjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

1. þrep – Landeiganda eða umráðamanni eignarlands er heimilt án þess að þurfa að sækja um framkvæmdaleyfi að sækja sér u.þ.b. 500 m³ af efni til eigin nota á landareign sinni nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.
2. þrep – Afgreiðslugjald og úttektargjald, að upphæð kr. 26.930, vegna lítillar eða stakrar framkvæmdar í stuttan tíma. Efnismagn á bilinu 500 – 5.000 m³.
3. þrep – Afgreiðslugjald, úttektargjald, eftirfylgni og mælingar, að upphæð 53.860 kr. vegna stórrar framkvæmdar eða framkvæmdar sem tekur yfir langan tíma. Efnismagn á bilinu 5.000 – 49.000 m³.
4. þrep – Afgreiðslugjald, úttektargjald, eftirfylgni, mælingar auk umsagnar um umhverfismatskýrslu, að upphæð kr. 107.720, vegna framkvæmdar sem þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000. Efnismagn frá 50.000 m³ eða sem raskar 25.000 m² svæði eða stærra. Einnig þegar fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².

5. gr.

Förgunargjald.

Förgun uppgrftar sem urðaður er á urðunarsvæði innan sveitarfélagsins kr. 108 pr. m³.

6. gr.

Aðrar leyfisveitingar.

Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar kr. 37.700
Stofnun lóða í dreifbýli kr. 26.930
Útsetning lóðamarka að beiðni lóðarhafa samkvæmt reikningi.

7. gr.

Einingarverð og gildistaka.

Einingarverð gjaldtöku skv. þessari grein breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við desember 2016 sem er 130,2 stig.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 8. desember 2016, skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1282/2015.

Borgarnesi, 12. desember 2016.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.